

Könnun á búnaði nýrra reiðhjóla í verslunum á höfuðborgarsvæðinu



Framkvæmd í apríl 2011

af Brautinni – bindindisfélagi ökumanna

Einungis 2.1% nýrra reiðhjóla fullkomlega lögleg.

Í könnun Brautarinnar í vor á stöðu nýrra reiðhjóla kom í ljós að einungis 2.1% reiðhjóla voru með allan búnað sem skylt er að hafa á reiðhjólum þegar helstu verslanir á Höfuðborgarsvæðinu voru heimsóttar. Algengast var að lás vantaði og ef hann er ekki reiknaður með hækkar talan í 24% reiðhjóla með skyldubúnað.

Brautin gerði sambærilega athugun 2005 og 2007. Til að sjá þróun milli ára var ákveðið að fella bjöllur og lása út og þau ekki talin með, þá eru 62 % reiðhjólnanna með neðantalinn búnað sem skv. Reglugerð frá 1994 segir að beri að hafa eftirfarandi á reiðhjóli:


Skyldubúnaður:

- | | |
|--------------------------------|--------------------------|
| - Bjalla | - Keðjuhlíf |
| - Glitmerki framan | - Glitmerki aftan |
| - Fram- og afturbremsur | - Glit á fótstigi |
| - Teinaglit | - Lás |


Auk listans hér að ofan er skylt að hafa ljós að framan og aftan sé reiðhjólið notað í rökkri eða myrkri.

Algengast er að bjöllu og láss vanti á reiðhjól og voru margar verslanir sem bentu á að kaupendur yrðu að bæta þeim við ef reiðhjólið ætti að vera löglegt. Hér á línumritinu má sjá hvað oftast vantaði. Öll reiðhjól voru með afturbremsur en athygli vekur að þrátt fyrir að skylt sé að hafa frambremsur þá vantaði tæp 8% reiðhjólnanna þennan búnað og virðist enginn fylgjast með að reiðhjól séu búinn réttum búnaði.

Búnaður reiðhjóla vorið 2011




Fjöldi atriða í lagi (af 8 mögulegum)



Af 8 atriðum sem skylt er að hafa á reiðhjólum voru rúmlega 11% reiðhjóla með einungis 4 atriði eða minna í lagi. (sjá ofangreint línurit)


Lítil breyting milli ára

Ef skoðuð er þróun frá 2005 þá sést að nokkuð batnaði ástandið á reiðhjólum milli áranna 2005 ogt 2007 en síðan hefur ástandið staðið í stað. Þó eru lás og bjalla ekki reiknuð með í þessu súluriti.



Ástandið mismunandi milli verslana


Svo virðist sem sumar verslanir leggi meira upp úr því að hafa skyldubúnaðinn á reiðhjólinu en önnur.



Best var ástandið í Europis og Húsasmíðjunni þar sem 90 og 91% reiðhjólanna voru lögleg. Verst var ástandið í Útilíf og Erninum þar sem minna en helmingur reiðhjólanna var ekki með skyldubúnað. Það sem skekkir myndina örlítið er að keppnishjól og jaðarhjól s.s. Downhill, freestyle hjól eru sjaldan


með öllum skyldubúnaði og það gerir það af verkum að verslanir sem ekki eru með slík hjól eru með hærra hlutfall. Hins vegar má benda á að reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla gerir ekki greinarmun á eðli reiðhjóla.

Ef bjöllu er bætt við ofangreint línurit, þá er ástandið lakara. Það er ljóst að bjalla er mikilvægt og vannýtt tæki á reiðhjóli sem vekja verður meiri athygli á. Þá eru einungis 24% reiðhjólanna með löglegan skyldubúnað utan láss.



Ef skoðuð er þróun frá 2005 milli verslana þá sést eftirfarandi:

Þróun löglegra hjóla í verslunum frá 2005-2010



Fyrir liggar að endurskoða reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla og þá eðlilegt að gera mismunandi kröfur til sumra keppnisreiðhjólanna. Þó verður að hafa í huga að sum jaðarsportreiðhjólanna eru einnig notuð í almennum umferð s.s. mörg freestyle hjól og því kannski eðlilegt að búnaður sé meiri á þeim reiðhjólum.

LOKAORD

Að mati Brautarinnar er það alvarlegast hve mörg reiðhjól eru ekki með framremsur. Rétt notaðar framremsur gefa mun betri hemlun en einungis afturbremsur. Munurinn er það mikill að við slæmar aðstæður getur munurinn skipt sköpum um hvort slys hlýst af eða ekki.


Brautin hvetur Innanríkisráðuneytið til að flýta endurskoðun reglugerðarinnar auk þess sem nauðsynlegt er að skilgreina hverjir beri ábyrgð og hafi eftirlit með því að einungis lögleg reiðhjól séu seld í verslunum.

Í fylgiskjali má sjá frekari greiningu á búnaði verslannanna.


Nánari upplýsingar: Einar Guðmundsson, s. 588 9070

Fylgiskjal 1:


Hér má sjá hvaða verslanir eru duglegastar að hafa eftirfarandi búnað á reiðhjólum sínum, frambremsur, keðjuhlífar, bjöllu og lás.




Bjöllur




Lás




Fylgiskjal 2: Hér má sjá stöðuna á hverri verslun fyrir sig.




Everest 36 hjól




GÁP 19 hjól




Hagkaup 22 hjól




Hjólið 21 hjól




Húsasmiðjan 10 hjól




Hvellur 34 hjól




Markið 29 hjól



N-1 6 hjól



Útilíf 35 hjól



Örninn 58 hjól

